



Stöðvarhúsið er neðanjarðar og um 115 metra langt, 14 metra breitt og mesta hæð um 34 metrar. Í stöðinni eru sex vélasamstæður með tilheyrandi búnaði og uppsett afl 690 MW. Hverflar eru af Francis-gerð.

Við hlið stöðvarhússins er spennasalur, um 100 metra langur, 13 metra breiður og um 16 metra háur. Þar eru aðalspennar virkjunarinnar og rafmagnnið frá aflvélunum spennt upp í 245 kV.

Vatninu er veitt úr stöðvarhúsinu um frárennslisgöng sem opnast út í Fljótsdal. Frá gangamunnum er frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal austur undan Valbjófsstað þar sem áin er í um 26,5 metra hæð yfir sjó.

Verkkaupi

[Landsvirkjun](#)

Upphaf framkvæmda

[September 2003](#)

Verktakar

[Hochtief frá Þýskalandi](#)

[Íslenskir aðalverktakar](#)

[Pihl & Sön frá Danmörku \(Ístak\)](#)

Lok framkvæmda

[Janúar 2008](#)



Aðkoma að stöðvarhúsi og spennasal er um 800 metra löng jarðgöng úr Fljótsdal (Norðurdal) 2 km innan við Valbjófsstað. Framan við aðkomugöngin er þjónustubygging þar sem m.a. er stjórnstöð og aðstaða fyrir starfsmenn virkjunarinnar. Frá spennasal liggja sérstök strengjagöng að tengivirkishúsinu sem er skammt innan við þjónustubygginguna. Hochtief frá Þýskalandi Íslenskir aðalverktakar Pihl & Sön frá Danmörku (Ístak)